

REGLUGERÐ
um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi.

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Safnskráning*: Skráning fjármálagerninga í eigendaskrá á vegum vörsluaðila, þar sem fram kemur að vörsluaðili er ekki eigandi fjármálagerninganna.
2. *Safnreikningur*: Reikningur í verðbréfamiðstöð („VS reikningur“) í nafni vörsluaðila sem hefur að geyma fjármálagerninga í eigu þriðja aðila, eins eða fleiri.
3. *Vörsluaðili*: Fjármálafyrirtæki sem heimilt er að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina eða endanlegs eiganda.
4. *Viðskiptavinur*: Sá aðili sem veitir vörsluaðila heimild til að koma fram í eigin nafni og vera skráður fyrir fjármálagerningum sem eru í eigu viðskiptavinarins eða endanlegs eiganda.
5. *Endanlegur eigandi*: Einstaklingur, einn eða fleiri, sem nýtur efnahagslegs ávinnings og ber fjárhagslega áhættu af fjármálagerningi. Endanlegur eigandi telst m.a. vera:
 - a. Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila, sem hjá lögaðila eða viðskiptavini vörsluaðila er skráður sem endanlegur eigandi fjármálagerninga á safnreikningi, í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yferráð yfir lögaðila. Þetta á þó ekki við um lögaðila hverra verðbréf hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
 - b. Einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yferráð yfir 25% eða meira af eignum hans, þegar fjárvörslusjóðurinn eða fyrirkomulagið er hjá vörsluaðila eða viðskiptavini vörsluaðila skráð sem eigandi fjármálagerninga á safnreikningi. Í tilvikum þar sem ekki hefur verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst endanlegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.

II. KAFLI

Leyfi til skráningar á safnreikning.

3. gr.

Umsókn.

Vörsluaðili getur sótt um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að mega varðveita fjármálagerninga í eigu þriðja aðila á safnreikningi og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga.

4. gr.

Skilyrði heimildar.

Fjármálaeftirlitið skal veita vörsluaðila heimild skv. 3. gr. sýni hann fram á með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið ákveður að hann hafi til staðar nauðsynleg kerfi og ferla til að geta farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

5. gr.

Skilyrði heimildar fyrir erlendan vörsluaðila.

Umsókn erlends vörsluaðila um heimild skv. 3. gr. skal, auk upplýsinga skv. 4. gr., fylgja:

1. yfirlýsing lögbærs yfirvalds í heimaríki vörsluaðila sem staðfestir að vörsluaðili hafi leyfi til að starfa sem fjármálafyrirtæki og sé undir eftirliti viðkomandi lögbærs yfirvalds, og

2. yfirlýsing lögbærs yfirvalds í heimaríki vörsluaðila eða sjálfstætt starfandi lögmanns í heimaríki vörsluaðila sem staðfestir að samkvæmt lögum heimaríkis umsækjanda sé ekkert sem komi í veg fyrir að hann afli þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

Umsækjendur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skulu, auk upplýsinga skv. 1. mgr., afla skriflegrar yfirlýsingar frá þar til bærum aðila sem staðfestir að í heimaríki þeirra sé í gildi löggjöf um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er samsvarar þeirri löggjöf sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu.

Yfirlýsingar samkvæmt þessari grein skulu lagðar fram á íslensku eða ensku. Að öðrum kosti skal fylgja þýðing löggilts skjalaþýðanda á yfirlýsingunum.

III. KAFLI

Safnreikningur.

6. gr.

Eigin bréf vörsluaðila

Vörsluaðila er óheimilt að skrá eigin fjármálagerninga á safnreikning sem hann rekur sjálfur.

7. gr.

Samþykki viðskiptavinar.

Fjármálagerningur verður ekki skráður á safnreikning nema að fengnu viðskiptavinar vörsluaðila. Vörsluaðili skal gera viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess að fjármálagerningur er skráður á safnreikning.

8. gr.

Upplýsingar um viðskiptavini og endanlega eigendur.

Vörsluaðila er að kröfu Fjármálaeftirlitsins skylt að afhenda upplýsingar um viðskiptavini og endanlega eigendur fjármálagerninga á vörslureikningi á því formi og innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlitið telur hæfileg. Vörsluaðila ber að gera viðskiptavininum sínum sannanlega grein fyrir þessari skyldu.

Vörsluaðili skal haga samningssambandi sínu við viðskiptavin sinn þannig að viðskiptavininum sé ávallt skylt að veita vörsluaðila upplýsingar um hver sé endanlegur eigandi fjármálagerninganna, kalli vörsluaðili eftir því að beiðni Fjármálaeftirlitsins. Þetta á einnig við ef viðskiptavinurinn er annað fjármálafyrirtæki. Vörsluaðili skal sömuleiðis tryggja að honum sé alltaf heimilt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingarnar.

Séu fleiri en einn milliliður á milli vörsluaðila og endanlegs eiganda hvílir sama skylda á vörsluaðila til að geta að kröfu Fjármálaeftirlitsins aflað upplýsinga um endanlegan eiganda fjármálagerninganna og afhent þær Fjármálaeftirlitinu. Vörsluaðili skal geyma upplýsingar um safnskráningar og viðskiptavini, þar á meðal breytingar á safnreikningum, í sjö ár frá því að viðskiptasambandi lýkur.

9. gr.

Skrá um viðskiptavini og fjármálagerninga.

Vörsluaðila sem varðveitir fjármálagerninga á safnreikningi ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Skráin skal ávallt bera með sér nöfn og fjölda viðskiptavina sem tengjast þeim fjármálagerningum sem eru skráðir á safnreikning og fjölda þeirra fjármálagerninga sem falla undir hvern og einn samning um safnskráningu. Skal skrá þessi þannig úr garði gerð að ekki leiki vafi á því hverjum fjármálagerningur tilheyrir. Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um skrána.

10. gr.

Auðkenning safnskráðra fjármálagerninga.

Útgefandi fjármálagerninga skal auðkenna safnskráða fjármálagerninga sérstaklega í skráum sínum, þar á meðal hlutaskráum hlutafélaga, þannig að ekki leiki vafi á því hvaða fjármálagerningar falli undir safnreikning, t.d. með orðunum SAFN, NOM eða annarri þess háttar merkingu.

11. gr.

Gjaldþrot vörsluaðila.

Ef bú vörsluaðila er tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, vörsluaðila slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli skrár skv. 9. gr. tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

IV. KAFLI

Réttindi samkvæmt fjármálagerningum.

12. gr.

Heimild til að taka við greiðslum o.fl.

Vörsluaðila er heimilt að taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, þar með talið réttur til arðs eða annarrar greiðslu og réttur til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Skal vörsluaðili halda þessum greiðslum aðgreindum frá eignum sínum.

Önnur réttindi samkvæmt fjármálagerningi, en þau sem greinir í 1. mgr., falla niður meðan þeir eru varðveittir á safnreikningi, þar með talin réttindi til að greiða atkvæði á hluthafafundi.

13. gr.

Flöggun.

Atkvæðisréttur sem fylgir fjármálagerningum á safnreikningi skal talinn með þegar metið er hvort endanlegur eigandi er flöggunarskyldur samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, enda þótt fjármálagerningum á safnreikningi fylgi ekki atkvæðisréttur.

V. KAFLI

Eftirlit og upplýsingagjöf.

14. gr.

Upplýsingar um víðskipti.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að vörsluaðili upplýsi um hvaða víðskiptavinir eru skráðir fyrir fjármálagerningum á safnreikningi á tilteknu tímamarki.

Vörsluaðila er skylt að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. mgr. á því formi og innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlitið telur hæfileg.

15. gr.

Afturköllun leyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað leyfi til skráningar á safnreikning:

1. Hafi vörsluaðili verið sviptur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
2. Brjóti vörsluaðili gegn 8. gr. reglugerðar þessarar um upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins.
3. Brjóti vörsluaðili að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum sem um starfsemi hans gilda, reglugerð þessari eða reglum sem Fjármálaeftirlitið kann að setja á grundvelli reglugerðar þessarar.

Vörsluaðili telst m.a. hafa brotið gegn ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar hagi hann ekki samningssambandinu við víðskiptavini sína þannig að víðskiptavinunum sé ávallt skylt að veita vörsluaðila upplýsingar um hver sé raunverulegur eigandi fjármálagerninganna, kalli vörsluaðili eftir því að kröfu Fjármálaeftirlitsins. Vörsluaðili telst einnig hafa brotið gegn ákvæðum 8. gr. reglugerðarinnar geti hann af öðrum orsökum ekki afhent upplýsingar um raunverulega eigendur fjármálagerninga á safnreikningi að kröfu Fjármálaeftirlitsins.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal vörsluaðila veittur hæfilegur frestur til úrbóta, ef unnt er að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

Afturköllun á leyfi vörsluaðila til skráningar á safnreikning skal tilkynnt stjórn hans og rökstudd skriflega.

VI. KAFLI
Gildistaka og lagaskil.

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 706/2008 um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi.

Lagaskil.

17. gr.

Frá og með 1. janúar 2018 falla úr gildi heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt til safnskráningar á grundvelli reglugerðar nr. 706/2008 um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi.